



Ísafold

Rekstrarúttekt ársins 2016
og
rekstraráætlun fyrir árið 2017

Úttekt á rekstri hjúkrunarheimilisins Ísafoldar árið 2016 og rekstraráætlun fyrir árið 2017.

Stofnframkvæmdin sjálf og fyrirkomulag rekstrar.

Við skoðun á rekstri hjúkrunarheimilisins kemur í ljós að nokkur atriði í rekstri og rekstrarumhverfi eru frábrugðin hefðbundnum rekstri hjúkrunarheimilis. Samningur Garðabæjar við Velferðarráðuneytið gengur út á svokallaða „Leiguleið“ sem byggir á því að sveitarfélagið sá um hönnun og byggingu húsnæðisins, ásamt því að bera rekstrarlega ábyrgð eftir að hjúkrunarheimilið tók til starfa. Sveitarfélagið hefur val um það hvort það rekur hjúkrunarheimilið sjálft eða semur við þriðja aðila um reksturinn. Það breytir þó engu um rekstrarlegu ábyrgðina, hún er í þessum samningi alltaf á ábyrgð sveitarfélagsins gagnvart ríkinu.

Hjúkrunarheimilið tók til starfa í apríl árið 2013 og hefur Garðabær séð sjálft um reksturinn. Ekkert eiginlegt skrifstofuhald er í rekstri heimilisins, heldur sér skrifstofa Garðabæjar um launaúrvinnslu, bókhald og umsýslu fjárstreymis.

Útfærsla Leiguleiðarinnar hefur það í för með sér að ekkert húsnæðisgjald rennur til hjúkrunarheimilisins beint, heldur einungis daggjöld hvers mánaðar sem Sjúkratryggingar Íslands sjá um að greiða að hálfu ríkisins. Garðabær fær í staðin mánaðarlegar greiðslur frá ríkinu, sem skilgreindar eru sem leiga á húsnæðinu undir reksturinn og um leið endurgreiðsla á stofnkostnaði. Sambærilegt hjúkrunarheimili í stærð sem ekki er tengt Leiguleiðinni fær u.þ.b. kr. 41,5 milljónir í húsnæðisgjald á ársgrundvelli ársins 2016.

Meðvituð ákvörðun var tekin um það í samráði við KPMG að skipta rekstrinum upp í þrjár einingar. Þessar einingar eru hjúkrunarheimilið, dagdvölin og rekstrarsjóður fasteignar. Til þess að auka enn frekar á flækjustigið í þessum rekstri þá er fyrsta hæð húsnæðisins alfarið í eigu Garðabæjar, sem hýsir dagdvöl, félagslega þjónustu bæjarins, bakari, hárgreiðslustofu og fót snyrtingu, auk þess sem eldhús og sjúkrabjálfun er á fyrstu hæðinni, en þær einingar tilheyra hjúkrunarheimilinu.

Leigugreiðslur frá ríkinu sem renna beint til Garðabæjar voru um 116 milljónir á árinu 2015. Ekki liggur nákvæmlega fyrir á hvaða forsendum þessi tala grundvallast, en úr því að húsnæðisgjald fellur alfarið niður sem greiðsla samhliða daggjöldum til hjúkrunarheimilisins frá Sjúkratryggingum Íslands má ætla að gert sé ráð fyrir því að rekstur húsnæðisins falli allur á rekstrarsjóð fasteignar, þó er undanskilið rekstrarkostnaður vegna rafmagns og hita.

Rekstur hjúkrunarheimilisins

Á árinu 2015 var rekstrarhalli upp á kr. 145,7 milljónir og ljóst að launakostnaður var langt umfram það sem launaliður daggjalda gerir ráð fyrir.

Heildarlaunakostnaður ársins 2015 kr. 598.646.000

Heildarframlög frá ríkinu á árinu 2015 kr. 574.420.563

Hlutfall launa af heildarframlagi ríkisins 104,22%

Þetta sýnir að ekkert var eftir til að greiða önnur rekstrargjöld. Það er því ljóst að það sem fyrst þarf að greina er launakostnaður. Við þá greiningu kemur í ljós að samanburður á meðallaunum starfsstétta hjá hjúkrunarheimilinu og ríkinu gefur ákveðnar vísbendingar.

Meðallaun starfsstétta			
	Ísafold	Ríkið	%
Hjúkrunarfræðingar	933.840	956.101	-2,38%
Sjúkraliðar	752.281	732.541	2,62%
Félagsliðar	662.142	630.290	4,81%
Almennir starfsmenn	691.036	567.829	17,83%

Þó getur samanburðurinn aldrei orðið algildur. Hjá ríkinu starfa mun fleiri starfsmenn og eru störfin mjög mismunandi allt frá því að vera einstaklingar sem vinna eingöngu dagvinnu og upp í að vinna vaktavinnu í mikilli bráðapjónustu þar sem mikið er um bakvaktir og útköll. Niðurstaða þriggja starfsheita, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og félagsliða sýnir að munur er ekki marktækur, en hjá almennum starfsmönnum í umönnun er verulegur munur þar sem laun eru 17,83% hærri hjá Ísafold. Skýringar á þessu virðist liggja í því að launatafla hjá STAG er hærri (lámörk 10%) en launatafla Eflingar sem er að jafnaði miðað við hjá ríkinu og auk þess getur þetta legið í miklum veikindum þar sem starfsmenn eru þá að taka mun fleiri aukavaktir og vinna fleiri yfirvinnutíma heldur en að jafnaði gerist hjá ríkinu. Þetta hefur þó ekki verið staðfest með samanburðarútreikningum. Hinsvegar er ljóst að veikindi eru mjög mikil á árinu 2015 og fyrstu níu mánuði ársins 2016.

Skráðar veikindastundir á árinu 2015:

Skammtímaveikindi 7.051 klst. eða að jafnaði 3,39 stöðugildi á árinu

Langtímaveikindi 4.788 klst. eða að jafnaði 2,30 stöðugildi á árinu

11.839 klst.

Skráðar veikindastundir á árinu 2016:

Skammtímaveikindi 5.645 klst. eða að jafnaði 3,62 stöðugildi á níu mánuðum

Langtímaveikindi 5.910 klst. eða að jafnaði 3,79 stöðugildi á níu mánuðum

11.555 klst

Þegar hafa verið teknar ákvarðanir um fækkun stöðugilda sem eru að koma til framkvæmda nú á haustmánuðum sem hafa áhrif á lækkun launakostnaðar. Fækkað er um einn deildarstjóra í hjúkrun og fækkað er um einn hjúkrunarfræðing á kvöldvakt. Samtals mun þetta lækka launakostnað um kr. 20,1 milljón á ársgrundvelli.

Gert er ráð fyrir að leggja niður stöðu djákna sem kemst þó ekki í framkvæmd fyrr en eitthvað er liðið fram á næsta ár, en lækkun launakostnaðar gæti orðið um 820 þúsund á árinu 2017. Mest um vert er þó að taka á veikindavanda heimilisins og reiknum við ekki með kostnaði vegna veikinda í áætlun ársins 2017 nema 3,5% sem er um helmingur af því sem nú er. Frekari atriði vegna launakostnaðar koma fram seinna í greinagerðinni.

Annar rekstrarkostnaður

Rekstur eldhússins þarf að taka til gagngerar endurskoðunar. Í fyrsta lagi þá er keyptur tilbúinn matur frá Sláturfélagi Suðurlands sem einhver afföll verða af, þannig að þar er unnið að bættri skipulagningu. Þá eru önnur innkaup að stórum hluta til keypt inn frá Stórkaup, sem er lager Haga hf. Lausleg könnun á verðsamanburði þess að versla þessa vöru beint frá birgja sýnir að spara má töluvert í þessum innkaupum.

Dæmi um innkaup sem má breyta eru ávextir og grænmeti, en innkaup fyrir eina viku á þessum vörum voru samtals kr. 36 þúsund en beint frá birgja kostar sama vara kr. 11 þúsund. Í heildarsamanburði innkaupa má gera ráð fyrir um 10 – 12% lækkun.

Húsnæðiskostnaður

Með vísan til þess hvernig fyrirkomulag er á rekstri fasteignar og að húsnæðisgjald renni ekki inn í rekstur heimilisins hlítur að vera eðlilegt að allur kostnaður vegna viðhalds fasteignarinnar, sem og ýmsar viðhaldsvörur ásamt launum umsjónarmanns fasteignarinnar verði fært inn á þá einingu sem heldur utan um rekstur fasteignar á Strikinu 3 og sá kostnaður hverfi alveg úr rekstri hjúkrunarheimilisins.

Eins og áður hefur komið fram er bæjarsjóður að fá beinar greiðslur upp á kr. 116 milljónir á ári og úr því að ríkisvaldið metur það svo að með þessu fyrirkomulagi sé ekki grundvöllur til þess að greiða húsnæðisgjald til hjúkrunarheimilisins þá er litið svo á að greiðslan frá ríkinu til bæjarins eigi að dekkja allan þennan kostnað.

Einnig er ástæða til þess að draga hér fram húsnæðisgjaldið sem SÍ greiðir dagdvöl Ísafoldar fyrir þau 16 dagdvalarpláss sem eru í notkun, en þar er litið til þess að dagdvölin er í húsnæði sem Garðabær á og er á fyrstu hæð í hjúkrunarheimilinu eins og áður hefur komið fram. **Samkvæmt reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015**, ber Garðabæ að innheimta húsaleigu af innri starfsemi sinni þó svo að húsnæðisgjald sem SÍ reiknar með til dagdvalar sé ekki í neinu samræmi við þær upphæðir. Það undirstrikar enn frekar nauðsyn þess að sameina þennan rekstur þannig að þessi innri húsaleiga fyrir dagdvöl verði meðhöndluð saman með innri húsaleigu hjúkrunarheimilisins.

Fjármagnskostnaður

Garðabær reiknar vexti af þeim fjárupphæðum sem bæjarsjóðurinn hefur lagt í rekstur Ísafoldar vegna rekstrarkostnaðar sem daggjöld ríkisins dekkja ekki. Verulegur ágreiningur er á milli Garðabæjar annars vegar og ríkisins hins vegar um það hvort Garðabær á rétt á leiðréttingu á þessum uppsafnaða halla eða ekki. Garðabær metur stöðuna svo að ríkið verði að greiða eðlilegt gjald fyrir nauðsynlegan rekstrarkostnað, sem er þá jafnframt talinn eðlilegur rekstrarkostnaður. Á meðan þessi ágreiningur er upp og Garðabær vaxtareiknar þá kröfu sem

hann telur sig eiga rétt á hlýtur að teljast eðlilegt að vextirnir séu viðskiptafærðir á ríkissjóð í bókhaldi Garðabæjar, en ekki færðir til gjalda hjá hjúkrunarheimilinu.

Tekjur

Þegar aðstaðan er skoðuð sem fyrir hendi er í húsnæði Ísafoldar á sama tíma og rekstrarhali blasir við óbreyttum rekstri þá er freystandi að skoða möguleikana á því að auka þjónustu heimilisins. Mjög góð aðstaða sjúkrabjálfunar ásamt starfsfólki þeirrar einingar gerir það að verkum að full ástæða er til þess að sækja um að fimm hjúkrunarrými verði skilgreind og notuð sem endurhæfingarpláss. Þetta eykur daggjaldatekjur heimilisins, dregur úr biðlistum sem eru til staðar, auðveldar fráflæði frá Landspítala og nýtir betur þá aðstöðu sem fyrir hendi er á Ísafold.

Í viðbót við þetta má einnig hugleiða svokölluð Líknarpláss en það er jafnframt til staðar sérþekking og áralöng reynsla í þjónustu við einstaklinga sem á þurfa að halda.

Hönnun Ísafoldar á sínum tíma gerir ráð fyrir um 34,8m² í privatrými íbúa og það er að aukast þörfin fyrir það að geta boðið hjónum upp á vistun. Við teljum þess vegna æskilegt að sótt verði um heimild til þess að samnýta 3 pláss fyrir hjón, sem gerði það að verkum að fjöldi íbúa gæti farið í 63. Þetta eykur jafnframt daggjaldatekjur heimilisins auk þess sem þetta getur fækkað á biðlistum. Til þess að þetta gangi upp með jákvæðum hætti fyrir rekstur heimilisins verður þessi heimild að ná til fleiri en eins pláss þar sem svokallað „Smæðarálag“ kr. 11,9 milljónir fellur niður um leið og íbúar verða fleiri en 60.

	Íbúafjöldi	Dagafjöldi	Legudagar	Daggjöld
Hjúkrunarrými	55	365	20075	584.919.253
Endurhæfingarrými	5	365	1825	65.929.768
			21900	650.849.020
Líknarrými ?				
Hjónarými	3	365	1095	31.905.015
- smæðarálag				11.900.000
				20.005.015
				670.854.035

Við mælum einnig með því að sótt verði um 5 endurhæfingarpláss í dagdvöl þannig að heimiluð pláss þar fari í 21. Nægjanlegt pláss er fyrir hendi auk þess sem þegar hefur verið bent á styrk sjúkrabjálfunar, en jafnframt hlítur það að hjálpa mjög þeim endurhæfingarsjúklingum sem leggjast fyrst í hjúkrunarrými og síðan þegar endurhæfing er vel á veg kominn, geti farið heim en komið í dagdvöl og haldið endurhæfingu áfram í nokkrar vikur þannig að árangur verði enn betri og lífsgæði einstaklingsins aukast.

Dagdvöl	Fjöldi dvalargesta	Dagafjöldi	Legudagar	Daggjalda-tekjur á ári	Húsnæðis-daggjald*	Heildartekjur dagdvalar
Dagdvalargjald	16	250	4000	25.968.000	2.624.000	28.592.000
Endurhæfingardagdvöl	5	250	1250	16.230.000	820.000	17.050.000
				42.198.000	3.444.000	45.642.000

Sameining hjúkrunarheimilis og dagdvalar.

Forstöðukona dagdvalar er jafnframt iðjubjálfi. Auk hennar eru 1,65 stöðugildi sem sjá um dagdvölin. Töluverð samlegð er á milli þessara starfsmanna dagdvalar og hjúkrunarheimilis, bæði uppi á deildum og við sjúkrapjálfun. Starfsemin er í sama húsnæði og jafnframt fær dagdvölin þjónustu frá eldhúsi heimilisins. Við teljum því fullkomlega eðlilegt að þetta sé í raun fært saman í eina rekstrareiningu, en þannig er með flest hjúkrunarheimili sem eru með dagdvöl að dagdvölin er bara ein rekstrareining innan heimilisins. Þetta auðveldar öll samskipti og dregur úr flækjustigi. Auðveldlega er áfram hægt að fylgjast með rekstrinum það sem dagdvölin verður sérstök rekstrareining.

Félagsþjónustan á 1. hæð.

Endurskoða þarf hlut félagsþjónustunnar í húsnæðinu á 1. hæð. Félagþjónustan er að því er okkur sýnist með stærri hluta af hæðinni til afnota heldur en reiknað er með. Félagssamtök hafa aðgang að sal (setustofu) og annað starf eldri borgara í bænum að einhverjum hluta. Ræsting hæðarinnar er í umsjá hjúkrunarheimilisins og starfsmaður þess sér um hluta ræstingar og ISS sér um hluta eftir útboð. Raunhæf skipting á þessum kostnaði er ca. 60% hjúkrunarheimilið og 40% félagsþjónustan. Sérstök tekjufærsla vegna þess hluta sem tilheyrir félagsþjónustunni er skráð í áætlun hjá hjúkrunarheimilinu.

Framkvæmdastjóri

Við leggjum til að vinnulaun framkvæmdastjóra verði skipt upp þannig að 60% launakostnaður sé fært á hjúkrunarheimilið og 40% á félagsþjónustuna. Þannig dreifist þessi kostnaður með réttlátari hætti með tilliti til verksviðs framkvæmdastjórans.



Rekstraráætlun ársins 2017

Með tilliti til ofangreindra breytinga á rekstri og átaks til þess að draga verulega úr veikindakostnaði er hér rekstraráætlun fyrir árið 2017 ásamt endanlegri áætlun út árið 2016 til samanburðar.

Rekstur hjúkrunarheimilisins Ísafoldar

		2015	2016	2016	2017
	Stg. 2017	21900	21900	Ný áætlun	Ný áætlun
			Jan - Sept	Jan - Des	Hjúkrunarheimili
TEKJUR					
Samtals tekjur		580.184.879	353.932.721	633.359.400	688.854.035
GJÖLD					
Samtals launakostnaður í umönnun	52,30	512.612.797	421.803.651	548.182.380	501.838.747
Lækniskostnaður	0,30	16.857.938	10.404.852	15.703.185	12.716.004
Eldhús, mótuneyti, býtibúr	3,00	61.092.125	39.508.980	61.867.625	57.985.717
Ræsting	3,90	23.079.646	17.993.334	24.915.541	25.530.141
Þvottahús		0	13.866	23.770	25.000
Fasteignir, umsjón og rekstur	0,00	9.131.065	5.037.414	8.505.343	8.650.000
Stjórnun og skrifstofa	2,50	35.715.561	26.752.598	36.719.462	39.252.007
Sjúkrþjálfun	1,00	8.519.088	6.965.863	9.287.817	9.528.560
Iðjuþjálfun	0,00	0	0	0	0
Dægradvöl, félagsstarf	1,60	3.785.555	5.279.481	7.000.728	11.491.502
Hjúkrunarkostnaður		33.606.817	16.928.019	24.479.265	25.300.000
Aðkeypt sérfræðipjónusta		1.578.636	206.243	412.486	450.000
Ýmis rekstrarkostnaður		8.870.941	5.325.685	8.854.136	9.015.000
Önnur stoðsvið	0,00	1.456.074	1.231.639	1.642.185	842.376
Dagdvöl - dagvistun	0,00		0	0	0
Eignakaup (afskriftir tækja og búnaðar)			0	0	0
Fjármagnskostnaður		9.606.535	0	0	0
Heildarútgjöld hjúkrunarheimilis	64,60	725.912.778	557.451.625	747.593.924	702.625.053
Rekstrarárangur +/-		-145.727.899	-203.518.904	-114.234.524	-13.771.018

Rekstraráætlunin fyrir árið 2017 sýnir ennþá halla upp á 13,7 milljón, en þess ber að geta að í útgjöldunum eru tvær reiknaðar stærðir. Önnur er launakostnaður vegna þjónustu bæjarskrifstofu við úrvinnslu launa, bókhalds og umsýslu fjárstreymis. Reiknað er með 1,2 stöðugildum vegna þessa. Hin er þjónusta frá tölvudeild bæjarins, sem reiknuð er inn í samræmi við fjölda tölva hjá Ísafold. Samtals er þessi kostnaður kr. 10,8 milljónir.

Dagdvöl

Hér er jafnframt rekstraráætlun fyrir árið 2017 fyrir dagdvölinna með þeim breytingum sem lagðar eru til hér að ofan.

<i>Rekstur dagdvalar Ísafoldar</i>					
		2015	2016	2016	2017
		16	16	16	21
			4000	4000	5250
			Jan. - Sept.	Jan - Des.	Dagdvöl
TEKJUR					
Samtals tekjur		26.421.169	16.597.903	31.174.000	46.142.000
GJÖLD					
Eldhús, mötuneyti, býtibúr	0,00	4.489.135	2.707.544	4.061.316	3.411.505
Ræsting	0,00	132.352	269.775	462.471	330.000
Þvottahús		0	13.866	23.770	25.000
Fasteignir, umsjón og rekstur	0,00	19.333.938	8.826.042	11.553.756	3.444.000
Stjórnun og skrifstofa	0,00	327.599	267.987	459.406	465.000
Iðjupjálfun	1,00	8.152.115	7.129.422	9.505.896	9.752.291
Dægradvöl, félagsstarf	0,00	447.742	274.447	470.481	500.000
Hjúkrunarkostnaður		20.345	99.772	102.821	59.000
Ýmis rekstrarkostnaður		708.054	312.423	520.497	642.000
Dagdvöl - dagvistun	1,65	12.070.757	10.181.371	15.567.828	13.528.224
Heildarútgjöld dagdvalar	2,65	45.682.037	30.082.649	42.728.242	32.157.021
Rekstrarárangur +/-		-19.260.868	-13.484.746	-11.554.242	13.984.979



Við leggjum til að hjúkrunarheimilið og dagdvölin verði sameinuð í rekstri og þá lítur sameiginleg áætlun fyrir árið 2017 svona út:

Hjúkrunarheimilið Ísafold - áætlun				
2017		63	21	Sameiginlegt
	Stg. 2017	Hjúkrunarheimili	Dagdvöl	Hjúkrunarheimili Dagdvöl
TEKJUR				
Samtals tekjur		688.854.035	46.142.000	734.996.035
GJÖLD				
Samtals launakostnaður í umönnun	52,30	501.838.747	0	501.838.747
Lækniskostnaður	0,30	12.716.004	0	12.716.004
Eldhús, mótuneyti, býtibúr	3,00	57.985.717	3.411.505	61.397.223
Ræsting	3,90	25.530.141	330.000	25.860.141
Þvottahús		25.000	25.000	50.000
Fasteignir, umsjón og rekstur		8.650.000	3.444.000	12.094.000
Stjórnun og skrifstofa	2,50	39.252.007	465.000	39.717.007
Sjúkraþjálfun	1,00	9.528.560	0	9.528.560
Iðjuþjálfun	1,00	0	9.752.291	9.752.291
Dægradvöl, félagsstarf	1,60	11.491.502	500.000	11.991.502
Hjúkrunarkostnaður		25.300.000	59.000	25.359.000
Aðkeypt sérfræðipjónusta		450.000	0	450.000
Ýmis rekstrarkostnaður		9.015.000	642.000	9.657.000
Önnur stoðsvið	0,00	842.376	0	842.376
Dagdvöl - dagvistun	1,65	0	13.528.224	13.528.224
Eignakaup (afskriftir tækja og búnaðar)		0	0	0
Fjármagnskostnaður		0	0	0
Heildarútgjöld hjúkrunarheimilis	67,25	702.625.053	32.157.021	734.782.074
Rekstrarárangur +/-		-13.771.018	13.984.979	213.961

Fasteignasjóður

Eftir þessar breytingar er ástæða til þess að skoða fasteignasjóðinn sem sér um rekstur húsnæðisins að Strikinu 3 alveg sérstaklega. Það er staðfest að hálfu SÍ að húsnæðisgjaldið sem að jafnaði greiðist til þeirra sjálfseignarstofnana sem reka flest hjúkrunarheimilin í landinu er hugsað til þess að sjá um allan rekstrarkostnað húsnæðisins þó að undanskildum kostnaði við rafmagn og hita. Í þessari áætlun sem við setjum hér fram er gert ráð fyrir því að húsnæðiskostnaður færist á fasteignasjóð. Það má líka snúa þessu við þannig að allur rekstur húsnæðisins færist á hjúkrunarheimilið og að fasteignasjóðurinn greiði þá til heimilisins upphæð sem samsvarar húsnæðisgjaldinu sem ætti að vera fyrir árið 2017 kr. 45 milljónir, sem mundi þá skila um 6,5 milljónum til viðbótar inn í hagræðingu heimilisins, en rekstrarkostnaður fasteignarinnar án launa umsjónarmanns er áætlaður kr. 38,5 milljónir.

Að lokum

Það er mikið átak að taka á þeim vanda hjúkrunarheimilisins sem felst í kostnaði vegna veikinda. Partur af því átaki fellst í að breyta hugarfari starfsmanna. Þar getur spilað stórt hlutverk að eyða þeirri óvissu sem ríkir á vinnustaðnum í dag varðandi framtíð heimilisins og hver kemur til með að reka það. Það er þess vegna okkar mat að bæjaryfirvöld í Garðabæ þurfi sem allra fyrst að taka endanlega ákvörðun um framhaldið varðandi rekstraraðila.

Við leggjum fram þá hugmynd að myndað verði 3ja manna framkvæmdaráð Ísafoldar á meðan farið er í gegn um og unnið úr þeim tillögum sem hér hafa verið lagðar fram. Samsetning ráðsins væri eðlilegust þannig að embættismenn frá bæjarskrifstofum mynduðu það og störfuðu síðan náið með framkvæmdastjóra hjúkrunarheimilisins.

Eins og kom fram í inngangi er erfitt að átta sig á ávinningnum af því fyrir bæjarfélagið að semja við þriðja aðila að sjá um rekstur heimilisins ef fjárhagslega ábyrgðin hvílir áfram á bæjarfélaginu samkvæmt upphaflegum samningi við ríkið. Það er því mikilvægt að ná fram breytingum á því samkomulagi þannig að nýr samningur um reksturinn verði einungis á milli ríkisins og hins nýja rekstraraðila.

Hinsvegar er öllum ljóst að framlög til reksturs hjúkrunarheimila almennt er ekki nægjanlegt að hálfu ríkisins og því mjög erfitt fyrir hvaða rekstraraðila sem er að halda uppi ásættanlegum lífsgæðum fyrir hinn aldraða Íslending sem býr við það hlutskipti að vera íbúi á hjúkrunarheimili.

Samantekt tillagna til úrbóta:**Lækkun rekstrarkostnaðar:**

1. Eitt stöðugildi deildarstjóra í hjúkrun fellur niður og ein staða hjúkrunarfræðings á kvöldvakt er lögð niður	kr.	20.135.442
2. 40% staða framkvæmdastjóra er flutt á félagsþjónustu	kr.	5.735.465
3. Staða Djákna lögð niður um mitt ár 2017	kr.	821.093
4. Matarinnkaup verði endurskipulögð bæði hjá dagdvöl og hjúkrunarheimili	kr.	4.100.000
5. Húsaleiga frá fasteignasjóði gjaldfærð á dagdvöl verði lækkuð niður til samræmis við húsnæðisgjald sem dagdvölin fær greitt frá Sjúkratryggingum Íslands – mismunur	kr.	8.109.756
6. Allur rekstrarkostnaður húsnæðisins nema hiti og rafmagn verði fært á fasteignasjóðinn.	Kr.	130.224
7. Kostnaður vegna veikinda starfsmanna er færður niður í 3,5% af heildarlaunakostnaði – lækkun	kr.	39.674.838

Hækkun rekstrarkostnaðar:

8. Kostnaður vegna úrvinnslu á launum, bókhaldi og umsýslu fjárstreymis hjá bæjarskrifstofunum gjaldfært	kr.	7.409.284
9. 4,5% launahækkun í kjarasamningum færð í áætlun 2017 Samtals fyrir hjúkrunarheimili og dagdvöl	kr.	15.900.000
10. 0,6% stöðugildi í aðstoð við sjúkrabjálfun vegna endurhæfingarplássu bæði í hjúkrun og dagdvöl	kr.	4.309.313

Tekjuaukning:

11. Launabætur vegna 4,5% hækkunar í kjarasamningi	kr.	15.900.000
12. Breytum 5 hjúkunarrymum í endurhæfingarrymi	kr.	12.755.290
13. Breytum þremur hjúkunarrymum í hjónarými þannig að heildarfjöldi rýma fer í 63.	kr.	8.105.015
14. Hækkun á daggjaldi vegna aukinnar hjúkrunarþyngdar á milli árána 2016 og 2017.	kr.	22.140.190
15. Fjölgun dagdvalarrýma um 5, sem jafnframt eru skilgreind sem endurhæfingardvalarrými.	kr.	16.230.000

Samtals nettó fjárhæð í tillögum.**Kr. 126.218.716**